

Greinargerð

Samantekt á viðbrögðum við athugasemdum að loknum kynningartíma stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Þjóðgarðinn Snæfellsjökul

Drög að endurskoðaðri stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Þjóðgarðinn Snæfellsjökul voru lögð fram til kynningar þann 23. júní 2022 og umsagnar- og samráðsaðilum sem og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var til og með 1. september 2022 og framlengdur til 16. september. Erindi voru send til samráðsaðila, svo og þeirra sem sóttu opinn kynningarfund vegna áætlunarinnar, þar sem vakin var athygli á kynningarferlinu. Alls bárust athugasemdir og ábendingar frá átta aðilum auk umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og þeim breytingum sem gerðar voru á tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun í kjölfar kynningarferlisins. Samstarfshópur sem vann að undirbúningi áætlunarinnar þakkar öllum sem sendu ábendingar og athugasemdir.



Aðili sem sendi inn ábendingu	Viðbrögð samstarfshóps
<p>Náttúrufræðistofnun Íslands Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telur að í áætluninni komi fram helstu atriði sem mikilvægt sé að fjalla um. Stofnunin vill þó koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Ekkert er fjallað um landslag í áætluninni þrátt fyrir að vera eitt af markmiðum friðlýsingarinnar frá 2021. NÍ telur að bæta þurfi inn í áætlunina kafla um landslag. 2. Eingöngu á að leyfa sjálfbæra efnistöku innan þjóðgarðsins, svo sem eins og við Móðulæk, þar sem áframburður nær að endurnýja sig reglulega. Bergnám við Malarrif er rask sem ekki verður hægt að bæta og er auk þess á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar. Slíkar námur eigi ekki að leyfa innan þjóðgarðsins. Setja þurfi skilyrði um eftirlit með efnisnámi. 3. Til að stuðla að líffræðilegri fjölbreytni telur NÍ að einnig þurfi að vernda og vakta vistgerðir jafnt á við fágætar plöntutegundir sem eru eingöngu nefndar í kaflanum. Lítið er fjallað um vistgerðir og telur NÍ að bæta megi umfjöllun um vistgerðir og verndargildi þeirra. 4. NÍ bendir á rangfærslu varðandi ábyrgðartegundir fugla. 5. A. Um vöktun náttúruminja kemur fram í auglýsingu um friðlýsingu þjóðgarðsins kemur skýrt fram að NÍ ber ábyrgð á vöktun í þjóðgarðinum. Bent er á að á nokkrum stöðum sé fjallað um vöktun og vöktunaráætlanir og texta vegna þeirra þurfi að lagfæra á nokkrum stöðum. B. Þá er bent á að í aðgerðaráætlun sé áætlun um að setja upp einfalt vöktunar- og skráningarkerfi en fyrir hendi sé kerfi sem hægt sé að nýta í slíkt. 6. Bent er á ósamræmi í upplýsingum um fjölda starfsmanna og starfsheiti. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Kafla um landslag var bætt inn í áætlunina. 2. Texti varðandi efnistöku var lagfærður og gerður skýrari. 3. Texti um gróðurfar var endurskoðaður og texta um vistgerðir bætt við. 4. Texta var breytt til samræmis við ábendingu. 5. A. Endurtekinn texti um vöktunaráætlanir var tekinn út og aðrir lagfærðir. B. Um misskilning er að ræða. Verkefnið sem um ræðir er verkefni þjóðgarðsins og Náttúrustofu Vesturlands sem snýst um að auka umhverfisvitund landvarða og skrá um leið athugasemdir um náttúrufar þjóðgarðsins. 6. Texti var lagfærður.

7. Vegna umfjöllunar um fjarstýrð loftför telur Ní að bann við þeim eigi að ná yfir stærra svæði en tiltekið er í áætluninni, helst allan þjóðgarðinn, meðan á varptíma stendur.
8. Umfjöllun um bættu gróðurþekju og loftslagsvanda þarfnast nánari skýringar, hvernig staðið verði að því og hvaða aðferðum verði beitt.
9. Laga þarf setningu þar sem fjallað er um kyrrð í þjóðgarðinum samhliða hávaða frá tækjum.
10. Bæta megi við rannsóknum á jarðminjum í setningu um niðurstöður rannsókna á lífríki.
11. Í umfjöllun um mat á hættu á hruni er bent á jarðvísindafólk í stað jarðverkfræðings. Almennt eigi ekki að grípa inn í náttúrulega framvindu innan þjóðgarðsins þó stofnunin telji að fylgjast þurfi með sjávarrofi við ströndina og hrunhættu í hellum og tryggja með því öryggi gesta.

7. Í áætluninni er svæði þar sem bannað er að fljúga fjarstýrðum loftförum á varptíma skilgreint út frá fuglatalningum og þéttleika varps.
8. Sem dæmi má nefna að losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi þjóðgarðsins verður vöktuð og röskuð svæði grædd upp og gróðurþekja bætt. Texti í áætluninni var gerður skýrari, sjá kafla um Loftslagsmál.
9. Texta í kaflanum Landnotkun í áætluninni var breytt og segir þar: Stefnt er að því að gestir geti áfram upplifað kyrrð þjóðgarðsins þrátt fyrir umferðarhljóð.
10. Texta var breytt í samræmi við athugasemd.
11. Orðalag var gert skýrara þar sem átt er við að hugsanlega þurfi að loka svæðum eða breyta stígum vegna hættu á hruni til að tryggja öryggi gesta. Starfsheiti var skipt út í samræmi við ábendingu.

<p>Minjastofnun Íslands</p> <p>Minjastofnun Íslands bendir á að bæta megi inn í kafla um fræðslu og kynningu að leitað verði samstarfs við MÍ um fræðslu og kynningu á menningarminjum.</p> <p>Jafnframt bendir Minjastofnun á að leita beri umsagnar stofnunarinnar ef stærri samkomur og kvikmyndatökur séu líklegar til að valda jarðraski eða eigi að fara fram nálægt skráðum menningarminjum.</p>	<p>Í kaflanum Fræðsla og kynning segir að leitað verði eftir samvinnu við viðeigandi fagaðila við gerð fræðsluefnis. Minjastofnun Íslands er einn þeirra fagaðila.</p> <p>Texta um umsögn MÍ var bætt inn í textann í kaflann Viðburðir, kvikmyndataka og ljósmyndun.</p>
<p>Forsætisráðuneytið</p> <p>Forsætisráðuneytið bendir á að Snæfellsjökull og svæði fyrir sunnan hann og austan sé þjóðlenda og bendir á að umfjöllun vanti um þjóðlendur.</p>	<p>Kafli um þjóðlendur var settur inn í áætlunina og víðar í áætluninni er minnst á þjóðlendu.</p>
<p>Landgræðslan</p> <p>Landgræðslan vísar í kaflann Gróður og vistgerðir og kveðst reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.</p>	<p>Umhverfisstofnun þakkar fyrir ábendinguna. Í kaflanum Gróður og vistgerðir segir að leitað verði til fagaðila þegar þess er þörf við uppgræðslu og endurheimt gróðurs. Landgræðslan er einn þeirra fagaðila.</p>
<p>Vegagerðin</p> <p>Vegagerðin telur að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu þáttum sem tengjast hlutverki hennar.</p> <p>Vegagerðin bendir á að skv. vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til hvorrar handar frá miðlínu vega en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.</p> <p>Þá bendir Vegagerðin á að skýrt þurfi að koma fram að hún hafi heimild til að sinna þjónustu og viðhaldi vegna innviða á hennar vegum án sérstaks samráðs við Umhverfisstofnun.</p>	<p>Texta um veghelgunarsvæði var bætt inn í kaflann Vegir og bílastæði.</p> <p>Bætt var inn í kaflann Vegir og bílastæði texta um undanþágu Vegagerðarinnar frá framkvæmdaleyfi vegna þjónustu og viðhalds innviða í umsjón Vegagerðarinnar svo fremi að framkvæmdir hafi ekki áhrif á verndargildi svæðisins. Ekki verði hins vegar farið í breytingar á vegstæði án leyfis.</p>

<p>Grundarfjarðarbær</p> <p>Grundarfjarðarbær gerir engar athugasemdir við innihald stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Þjóðgarðinn Snæfellsjökul.</p>	<p>Umhverfisstofnun þakkar fyrir.</p>
<p>Lögreglan á Vesturlandi</p> <p>Lögreglan á Vesturlandi telur að í stjórnunar- og verndaráætluninni sé víða umfjöllun sem virðist ómarkviss og viðmið stundum illmælanleg. Frá sjónarhóli lögreglu megi búast við að aðgerðir hennar skili litlu ef hún er kölluð til enda sé óljóst að fullnægjandi refsíákvæði séu fyrir hendi. Lögreglan bendir á ákvæði þessu til stuðnings.</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Kafli Tjaldstaðir. <p>Lögreglan spyr hvernig bregðast skuli við ef gangandi og hjólandi næturgestir njóti aðstoðar trússbíla.</p> <p>Einnig er spurt hvernig bregðast eigi við ef fólk í húsbíl hafi næturdvöl í Þjóðgarðinum. Óvíst sé hvernig gangi að halda banni uppi eða bregðast við þar sem fullnægjandi refsíákvæði virðast ekki vera fyrir hendi.</p> 2. Kafli Umferð á jökli. <ol style="list-style-type: none"> a. Gerð er athugasemd við orðalagið að vélknúin umferð sé víkjandi fyrir þeim sem eru gangandi og á skíðum. Mælt er með að sett verði skýr ákvæði í reglugerð með fullnægjandi lagastoð fyrir því ákvæði. b. Einnig er gerð athugasemd við orðalagið að forðast skuli að vera með óþarfa hávaða og truflun á Jöklinum. Mælt er með að skýrt verði og skilgreint hvað átt er við enda fylgi hávaði vélsleðum. Til að hægt sé að halda uppi ákvæði sem þessu 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Tjaldstaðir. <p>Í samræmi við ábendingu lögreglu hefur orðalag verið gert skýrara í kafla um tjaldstaði. Ákvæðinu var breytt til samræmis við 3. mgr. 7. gr. auglýsingar nr. 935/2021.</p> <p>Heimild er í 88 gr. náttúruverndarlaga til að stöðva athöfn sem er leyfisskyld og ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða við stöðvun athafna sbr. sömu grein sömu laga.</p> <p>Varðandi gistingu fólks í húsbílum á 22. gr. náttúruverndarlaga við en þar kemur fram að leita skuli leyfis landeigenda ef gista eigi í m.a. húsbílum utan skipulagðra tjaldsvæða utan þéttbýlis.</p> 2. Umferð á jökli. <ol style="list-style-type: none"> a. Í auglýsingu um friðlýsingu Þjóðgarðsins er í 7. gr. fjallað um umferð og er þar gengið út frá almennu ákvæði náttúruverndarlaga varðandi akstur á snjó, sbr. 31. gr. Í síðustu málsgrein þeirrar greinar, 9. mlg., 31. gr., kemur fram að sérreglur sem settar eru í auglýsingu um friðlýsingu eða í stjórnunar- og verndaráætlun, um takmörkun á akstri utan vega fyrir viðkomandi svæði, gangi framur almennu reglunni. Þar er lagastoðin fyrir umræddu ákvæði. b. Texta var breytt í þá vega að jöklafarar taki tillit til hver til annars og hegðun þeirra skuli ekki valda náttúruspjöllum og eða slyshættu. Varðandi fullnægjandi refsíákvæði er bent á 90 gr. laga um náttúruvernd.

<p>er talið að setja þurfi mælanleg viðmið eða setja bann við vélknúnni umferð á tilteknum tíma.</p> <p>3. Kafli Fjarstýrð loftför. Í drögunum er gert ráð fyrir að bannað verði að fljúga fjarstýrðum loftförum innan þjóðgarðs á tímabilinu 15. apríl til 15. september nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Lögreglan telur að óvíst sé að vel gangi að halda slíku banni upp eða bregðast við ef út af bregður nema fullnægjandi refsíákvæði séu fyrir hendi. Mæla megi með að sett verði skýr ákvæði, með fullnægjandi lagastoð, fyrir ákvæðum sem þessum.</p> <p>4. Lögreglan bendir á að umfjöllun um reiðhjól og skilgreining á þeim virðist stangast á við umferðarlög. Benda megi á að rafhjólum hafi fjölgað mikið og virðist sem umferð þeirra verði bönnuð innan þjóðgarðsins miðað við textann í stjórnunar- og verndaráætlun. Óvíst sé að það gangi vel enda virðist fullnægjandi refsíákvæði ekki vera fyrir hendi.</p>	<p>3. Fjarstýrð loftför. Samkvæmt 7. gr. auglýsingar um friðlýsingu Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls er notkun fjarstýrðra loftfara (dróna) óheimil á búsvæðum fugla á varptíma nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Nánari reglur skal setja í stjórnunar- og verndaráætlun. Lagastoð vegna reglna um fjarstýrð loftför er í 88. gr. náttúruverndarlaga en samkvæmt henni má stöðva og vísa fólki út úr þjóðgarðinum fari það ekki að tilmælum. Einnig getur 90. gr. sömu laga átt við ef brotið er gegn 38. gr. sömu laga þar sem segir að hvers konar athafnir eða framkvæmdir sem ganga gegn markmiði friðlýsingar og geta skaðað verndargildi friðlýstra náttúruminja séu óheimilar nema samkvæmt undanþágu 41. gr.</p> <p>4. Skilgreining á reiðhjólum hefur verið uppfærð í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við ábendingu lögreglu.</p>
<p>Einstaklingar Knútur Logi Lárusson gerir engar efnislegar athugasemdir við innihald stjórnunar- og verndaráætlunarinnar en bendir á að tryggja þurfi upplýsingagjöf til almennings um framvindu áætlunarinnar til að hægt sé að fylgjast með hvort hún standist.</p>	<p>Umhverfisstofnun þakkar fyrir ábendinguna og verður hún tekin til skoðunar.</p>